



Borgarráð

Borgarstjórnarkosningar 14. maí 2022 – umboð til borgarráðs o.fl.

Óskað er eftir að borgarráð vísi svohljóðandi tillögum vegna borgarstjórnarkosninganna sem haldnar verða 14. maí nk. til afgreiðslu borgarstjórnar:

Borgarstjórn samþykkir að fela borgarráði að afgreiða til fullnaðar eftirtalin verkefni vegna borgarstjórnarkosninganna 14. maí 2022; skipa hverfiskjörstjórnir og undirkjörstjórnir og ráða til lykta öðrum málum sem kunna að heyra undir verksvið borgarstjórnar í sambandi við kosningarnar. Borgarstjórn samþykkir jafnframt að aðsetur yfirkjörstjórnar verði í Ráðhúsi Reykjavíkur og að talning fari fram í Laugardalshöll.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar